

16

e, í skuldabryf Reykjavíkur	100,00	
d, innstæða í landsbankanum	4411,86	
e, ógreiddir vextir fyrir part af árinu 1889	35,42	
f, í peningum hjá fjehirði	75,64	19822,92
		<hr/>
		60179,98

Ath. Í sjóðnum við árslok er fólgin:

1. Innstæða vaxtaeigenda:		
a, í aðaldeild	13,141,09	
b, - deild hinnar æfinlegu erfingjarentu	629,10	
c, - útborgunardeild	3836,51	
d, - bústofnsdeild	1773,52	
e, - ellistyrksdeild	126,58	19506,80
2. Vextir, er biða útborgunar		172,57
3. Vextir öðrum tilheyrandi		42,44
4. Varasjóður		101,11
		<hr/>
		19822,92

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands í Reykjavík 14. febr. 1890.

Eiríkur Briem. E. Th. Jónassen. Björn Jónsson.

17

Auglýsing

um póstmál.

Með byrjun 5. ferðar landpóstanna þetta ár komast á nýbreytingar þær, er hjer skulu greindar:

1. Aukapóstferðin til Keflavíkur verður lengd út í Garð, og brjefhirðing sett á Útskálum.
2. Aukapóstferðin frá Hraungerði að Arnarbæli verður lengd að Búrfelli, og þar sett brjefhirðing.
3. Brjefhirðing verður aptur sett á Mýrum á Álptaveri.
4. Aukapóstferð verður stofnuð frá Höfða að Hjaltastað í Hjaltastadapinghá og þar sett brjefhirðing.
5. Póstafgreiðslunni á Akureyri verður veitt heimild til eptir samkomulagi við amt-manninn í norður- og austuramtinu að senda með brjef og póstsendingar fram í Eyjafjörð, þegar nauðsyn ber til.
6. Aukapóstferð verður stofnuð frá Viðimýri fram í Lýtingsstaðahrepp og þar sett brjefhirðing.
7. Á Lóni við Hjeradsvötnin í Skagafjardarsýslu verður sett ný brjefhirðing.
8. Á Eyri í Gufudalshrepp í Bardastrandarsýslu verður stofnuð ný brjefhirðing.
9. Póstafgreiðslunni á Bæ í Króksfirði verður veitt heimild til að senda með brjef og póstsendingar að Stað á Reykjanesi þegar þörf gjörist.
10. Aukapóstferðin frá Ísafirði til Hesteyrar í Jökulfjörðum verður, þegar nægur tími er til, lengd að Stað í Aðalvík.
11. Aukapóstferð verður stofnuð frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd út á Akranes að Skipa-skaga og þar sett ný brjefhirðing.

Þetta kunngjörst hjer með almenningi.

Reykjavík, 22. febr. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

30. jan. veitti landshöfðingi prestri að Glaumbæ, þræp. hon. sjera Jóni Hallssyni lausn frá prestsembætti frá næstu fardögum að telja, með eptirlaunum.

24. febr. setti landshöfðingi lækna-kólakandidat Björn Ólafsson til þess upp á eigin ábyrgð að gegna hjeradslæknisstörfum í Rangárvallasýslu (18. læknishjeraði), meðan embætti þetta er óveitt.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Glaumbær í Skagafjarðar-prófastsdæmi. Metið 1659 kr. Auglýst 7. febr. 1890. Uppgjafaprestur er í brauðinu, sem nýtur eptirlauna samkvæmt 6. og 8. gr, laga 27. febr. 1880 um eptirlaun presta.

Mosfell í Kjalarnesprófastsdæmi. Metið 1273 kr. 67 a. Auglýst 13. febr. 1890.